

# Ársskýrsla Siðmenntar

---

2020



Siðmennt







© Siðmennt, félag siðrænna  
húmanista á Íslandi  
Skiopholti 50c  
105 Reykjavík

533-5550  
sidmennt.is

Ritstjórn: Inga Auðbjörg K. Straumland, Siggeir F.  
Ævarsson og Heiðrún Arna Friðriksdóttir.  
Ljósmyndir: Hari, Leifur Wilberg, Luke Hodde, Inga  
Auðbjörg K. Straumland, Kirstinn Theodórsson og fleiri.  
Umbrot: Inga Auðbjörg K. Straumland

# Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
Ávarp framkvæmdastjóra	6
Innra starf	7
Athafnaþjónusta	10
Borgaraleg ferming	13
Alþjóðastarf og viðburðir	17
Baráttan fyrir veraldlegu samfélagi	20
Fjármál og ársreikningar	24



## Samskipti á tímum samkomubanna

### Ávarp formanns

#### Inga Auðbjörg K. Straumland formaður Siðmenntar

Ég geri ekki ráð fyrir öðru en að systurpartur allra formannaávarpa í ársskýrslum ársins fjalli um heimsfaraldurinn. Hvernig væri annað hægt? Árið 2020 verður ávallt greipt í minni þeirra sem það upplifðu, sem ár samkomutakmarkanna, fjarfunda, sprittsprunginna handarbaka, sóttkvíða og grímuskyldu. Árið sem fáir hefðu getað ímyndað sér fyrirfram, - ekki einu sinni snjöllustu vísindaskáld. Kófpreytan er í algleymingi þegar þetta er ritað og landinn óþreyjufullur eftir afléttingu takmarkanna, bólusetningu og þrá eftir félagstengslum. Enginn nennir lengur að mæta á fjarbarsvar og jafnvel skraufþurr aðalfundarstörf glitra í hillungum, eins og áður óþekkt upplýfting andans.

#### Háleitar hugmyndir um hátíðarhöld

Ég verð að viðurkenna að þetta ár endurspeglar ekki háleitar hugmyndir mínar um seinni part kjörtímabils míns sem formaður Siðmenntar. Ég ímyndaði mér að við myndum halda þetta afmælisár hátíðlegt með pompi og prakt, með hátíðardagskrá víða um land og stóra viðburði þar sem félagar kæmu saman og kættust yfir árangri félagsins frá stofnun þess. Ég sá fyrir mér málþing og fjölskylduskemmtanir, stefnumótun og stemmingu, en sat þess í stað uppi með tæplega átta vikna reynslu af sóttkví og áunnið mótefni eftir átök mín við þessa bannsettu veiru.

Við höfum þó ekki setið algerlega auðum höndum. Við höfum



árið á málþinginu *Frá vöggu til grafar* og til allrar hamingju rétt slapp fyrsta Siðmenntarþingið fyrir horn í febrúar, örlitlu áður en allt fór í hnetusteik vegna heimsfaraldurs. Á þinginu fór fram stefnumótun félagsins, hefðbundin aðalfundartsörf, auk þess að boðið var upp á málþing um mörk listar og listamannsins. Þá var fyrsta almenna árshátíð félagsins haldin, eitthvað sem ég vona að verði reglulegur viðburður héðan í frá. Starfsfólkið okkar þurfti svo að takast á við þær áskoranir sem fylgja viðburðastjórnun á viðsjárverðum tímum og endurmeta stöðuna eftir annan hvern almannavarnafund. Stjórnin fundaði oftár á fjarfundum en í raunheimum og langflestir reglulegir viðburðir félagsins féllu niður. Þó rofaði örlítið til yfir sumartímann og þá voru fermingarbörn fermd af miklum móð og boðið upp á fjölskyldudag fyrir félaga á Klambratúni.

### Vísindin á viðsjárverðum tímum

Þegar allt er komið alls og horft er í baksýnispegilinn er ljóst að þrátt fyrir að félagsstarfið hafi ekki verið með þeim hætti sem fyrirhugað var, þá hefur faraldurinn kennt okkur margt um okkur sjálf og sýnt fram á að við sem samfélag erum fær um að taka höndum saman og takast á við áskoranir í sameiningu. Á Íslandi hafa vísindin haft yfirhöndina. Stjórnmalafólk hefur rétt okkar færustu sérfræðingum keflið og treyst þeim til að taka ákvarðanir, byggðar á nýjustu rannsóknum hverju sinni. Kannski hefur ekki hver einasta ákvörðun verið fullkomin í baksýnispeglinum, en hún var að minnsta kosti tekin á yfirvegaðan hátt af fólki sem gerði sitt besta til að meta stöðuna eins og hún var.

Svona hefur þetta alls ekki verið alls staðar í heiminum. Vísindin hafa vikið fyrir samsæriskenningum og popúlisma og mishátt hlutfall hinna ýmsu þjóða neitað að fylgja tilmælum yfirvalda í skjóli einstaklingsfrelsis. Þvættingur, bábyljur, kjaftæði og rugl tröllríða ákveðnum kimum samfélagsmiðla, þar sem 5G er kennt

um kórónuvirusinn og yfirvöld sökuð um að hafa skapað virusinn í tilraunaglassi. Þetta er kallað rangnefnt sem „gagnrýnin hugsun“ og fólki skipað að vakna til lífsins, hafna óttanum og kveikja í grímunni.

“

Þvættingur,  
bábyljur, kjaftæði  
og rugl tröllríða  
ákveðnum kimum  
samfélagsmiðla, þar  
sem 5G er kennt um  
kórónuvirusinn og  
yfirvöld sökuð um að  
hafa skapað virusinn  
í tilraunaglassi.

”

### Allt trúleysingjum að kenna

Það er sér í lagi í aðstæðum sem þessum að húnismi er hvað mikilvægastur í hugsun og verki. Við þurfum að grundvalla nálgun okkar á vísindalegum niðurstöðum, án þess þó að glutra niður samkenndinni. Við þurfum að boða út boðskapinn um gagnrýna hugsun án þess þó að gefa langsóttum samsæriskenningum þyr undir báða vængi. Við þurfum að tækla falsfréttir og styðja við þau sem fara verst út úr þessum heimsfaraldri.

Í fortíðinni voru heimsfaraldrar útskýrðir með syndum manna. Slík umræða hefur kannski ekki verið hávær í okkar heimshluta, en við þurfum þó alltaf að vera vakandi. Í Úkraínu lýsti leiðtogi úkraínsku rétttrúnaðarkirkjunnar því yfir að kórónufaraldurinn væri hommum að kenna. Trúarleiðtogi nátengdur Trump lýsti því ekki aðeins yfir að kórónaveiran væri vegna homma og lesbía, heldur einnig umhverfisverndarsinna og þeirra sem afneita tilveru guðs. Það er því mikilvægara en nokkru sinni fyrr að berjast gegn falsupplýsingum og kreddum með húnískri hugmyndafræði og gagnrýnni hugsun.

Nú tökum við sprittuðum höndunum saman, ráðum niðurlögum veirunnar og reynum að skapa samfélag samstöðu. Og þar láta húnistar ekki sitt eftir liggja.

*Jóna Straumland*

Siggeir F. Ævarsson  
framkvæmdastjóri



## Afmælið sem aldrei varð Ávarp framkvæmdastjóra

Þegar ég skrifaði pistil síðasta árs fyrir okkar ágætu ársskýrslu var ég strax farinn að semja pistil næsta árs í hausnum á mér. Ég sá fyrir mér að fara yfir 30 ára afmælisárið okkar og hversu frábært og skemmtilegt allt hefði verið árið 2020. Ég var t.d. handviss um að þetta yrði stærsta ár í sögu athafnaþjónustu Siðmenntar. Fyrir utan almennan stiganda og auknar vinsældir húsánáttu athafna þá bauð árið 2020 uppá heilan sæg af skemmtilegum talnarunum í dagsetningum.

Dagsetningar eins og 08.08.2020, 10.10.2020 og 11.11.2020 voru þéttbókaðar strax í upphafi árs. Febrúar bauð líka uppá margar skemmtilegar samsetningar í tölum og svo var líka hlaupár. Í febrúar fór 41 athöfn fram á vegum Siðmenntar, sem er á pari við bestu

sumarmánuði. Árið leit frábærlega út. Afmælishátíð 15. febrúar varð að Siðmenntarþingi sem tók yfir heilan dag og endaði á fyrstu alvöru árshátíð félagsins. Virkilega vel heppnaður dagur og við svifum um á bleiku skýi.

Eða það héldum við. Þegar betur var að gáð var skýið í raun kolsvart óveðurský. COVID-19 lagðist yfir landið eins og mara og allt starf félagsins gekk úr skorðum. Fyrst þurfti auðvitað að endurskipuleggja fermingarstarfið, nánast frá A-Ö. Við rétt sluppum með að klára kennsluna en öllum athöfnum þurfti að fresta. Eftir grettistak í tilfærslum, viðbragðsáætlunum og almennum reddingum héldum við frábærar og virkilega vel heppnaðar fermingarathafnir í Hörpu í fyrsta sinn.

Við erum enn að glíma við eftirköst faraldursins í borgaralegri fermingu, en síðustu fermingarathöfn ársins var að lokum frestað þar sem enn ekki rétt úr kútnum þegar þetta er ritað. 80 athafnir bíða átektu í skjalinu "Frestað" og um 50 athafnir týndu tölunni í öðru skjali sem heitir "Hætt við", flest allt erlendir aðilar sem ætluðu að gifta sig á Íslandi en verða að bíða bóluefnis og betri tíma.

Það var freistandi að reyna að skrifa þennan pistil án þess að minnst á kórónuveiruna, enda eru sennilega flestir orðnir langþreyttir á ástandinu. En það er ekki hægt að tala um árið 2020 án þess að tala um fjarvinnu, frestanir, fjarfundi og fjandans pláguna. Það er rosalega skrítið ár að baki sem einkennst hefur af biðstöðu og óvissu. Á tímabili leið mér persónulega eins og líf mitt væri að breytast í kvikmyndina „Groundhog day“ með Bill Murray. En nú sér vonandi fyrir endann á þessu öllu saman og lífið okkar hér á Íslandi er smám saman að færast í eðlilegar skorður.

Og svona þar fyrir utan, þrátt fyrir messufall í athöfnum og að starfið hafi verið í skötulíki, þá hefur félögum fjölgað jafn og þétt og aldrei hafa fleiri börn verið skráð í borgaralega fermingu. Þannig að þegar ég lít til baka yfir þetta ár er ég ekki vonsvikinn yfir því sem aldrei varð, heldur stoltur af því hvernig tókst til að halda sjó þrátt fyrir allt, og horfi mjög spenntur til framtíðar þegar við fáum vonandi tækifæri til að blása til sóknar af fullum krafti á ný.





# Innra starf



# Innra starf

## Starfsfólk og skrifstofa

### Fast starfsfólk

#### Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri Siðmenntar er Siggeir Fannar Ævarsson. Framkvæmdastjóri stýrir daglegu starfi félagsins, fer með mannauðsmál og rekstur, svarar fyrirspurnum og sér um þau verkefni sem stjórn felur honum. Siggeir hóf störf haustið 2018.

#### Verkefnastjóri borgaralegra ferminga

Verkefnastjóri borgaralegra ferminga er Heiðrún Arna Friðriksdóttir. Heiðrún sinnir umsýslu vegna fermingarfræðslu og athafna, á í samskiptum við fermingarráð, foreldra og leiðbeinendur og sinnir upplýsingagjöf varðandi fermingar. Heiðrún hóf störf árið 2019 í hlutastarfi en vegna aukinna umsvifa hefur starfið verið 100% frá áramótum 2020. Heiðrún fór í fæðingarorlof á liðnu ári og leysti Margrét Erla Maack hana af á meðan, ásamt því að leysa framkvæmdastjóra af í sumarleyfi.

Að auki starfar fjöldi leiðbeinenda við fermingarfræðslu, athafnarstjórar og aðrir verktakar fyrir félagið.

### Skrifstofurekstur

Félagið hefur frá hausti 2019 leigt nú skrifstofurými af AFS-samtökunum í Skipholti 50c, ásamt því að hafa aðgang að fundarými, litlum sal og eldhúsaðstöðu. AFS-samtökin eru skiptinemasamtök fyrir ungt fólk og mikill akkur í því að deila vinnustað með víðsynum félagasamtökum sem samræmast að miklu leyti gildum húmanisma.

## Stjórn Siðmenntar

Stjórn Siðmenntar fer með æðsta vald félagsins á milli aðalfunda. Stjórnin hittist að jafnaði einu sinni í mánuði og fundaði 14 sinnum á formlegum fundum árið 2020. Fundargerðir stjórnar eru birtar á vef félagsins.

### Stjórn Siðmenntar 2019–2020

Inga Auðbjörg K. Straumland - formaður  
Auður Sturludóttir  
Sigurður Hólm Gunnarsson  
Kristín Sævarsdóttir  
Margrét Pétursdóttir

### Varafultrúar

Jens Ívar Jóhannuson Albertsson  
Kristinn Theodórsson  
Þorsteinn Kolbeinsson  
Sigmundur Þórir Jónsson  
Sveinn Atli Gunnarsson  
Mörður Árnason  
Hope Knútsson

### Stjórn Siðmenntar 2020-2021

Inga Auðbjörg K. Straumland - formaður  
Sveinn Atli Gunnarsson  
Karen Edda Benediktsdóttir  
Kristín Sævarsdóttir  
Margrét Pétursdóttir

### Varafultrúar

Árný Björnsdóttir  
Stefán Rafn Sigurbjörnsson  
Mörður Árnason  
Hope Knútsson



# Ráð og nefndir

## Athafnaráð

Hlutverk athafnaráðs er að móta athafnarþjónustu félagsins, meta þörf á þjálfun og stuðla að auknum gæðum.

## Athafnaráð 2020-2021

Tinna Jóhannsdóttir  
Margrét Pétursdóttir  
Arnar Snæberg Jónsson

## Kennsluráð borgaralegrar fermingar

Nýtt fyrirkomulag með umsjón fermingarfræðslu var innleitt haustið 2020, þegar staða kennslustjóra var lögð niður og kennsluráð skipað í staðinn. Var þessi breyting gerð á fyrirkomulaginu í ljósi þeirra vaxandi umsvifa sem orðið hafa á síðustu árum. Hlutverk ráðsins er m.a. að setja saman námskrá, undirbúa fjarnám, hafa umsjón með þjálfun leiðbeinenda og sjá um stefnumótun fermingarfræðslu. Kennsluráðið vinnur í nánú samstarfi við verkefnastjóra borgaralegra ferminga.

## Kennsluráð veturinn 2020-2021

Karl Ólafur Hallbjörnsson  
Sigurður Hólm Gunnarsson  
Stefanía Pálsdóttir  
Unnur Hjaltadóttir


## Aðalfundur

Aðalfundur Siðmenntar var haldinn laugardaginn 15. febrúar kl. 16:00 í sal Garðyrkjufélags Íslands, Síðumúla 1 í Reykjavík.

# Fjöldi félaga

Skráðir félagar í Siðmennt í Þjóðskrá voru 3.470 í lok árs 2019. Frá því að félagið fékk opinberlega skráningu sem lífsskoðunarfélag vorið 2013 hefur fjöldi félaga meira en tífaldast, en stofnfélagar voru 300 talsins þá.

Árið 2020 bættust tæplega 500 félagar í hópinn og voru skráðir félagar í Þjóðskrá 4.032 þegar árið var gert upp fyrir sóknargjöld ársins 2021. Er það rúmlega 16% stækkun á árinu, og enn eitt árið sem Siðmennt stækkar hlutfallslega langmest af stærstu lífsskoðunarfélögum landsins.



Myndin sýnir fjölda félaga árin 2014–2020. Félagið hefur vaxið mjög ört síðan það fékk skráningu sem lífsskoðunarfélag.





# Athafnaþjónusta



# Athafna- þjónusta

## Athafnafjöldi

Mjög greinilegur samdráttur varð í athafnarþjónustu Siðmenntar vegna COVID-19 faraldursins, en skýrist það mestmegnis af samdrætti í athafnarþjónustu við ferðamenn vegna landamæratáknanna og því að erfitt var að halda veislur samhliða fögnuði fjölskyldna á tímamótum sínum.


Árið 2020 bauð uppá margar skemmtilegar dagsetningar fyrir athafnir og um áramótin 2019-2020 voru 75 athafnir þegar bókaðar sem er það mesta sem við höfum séð frá upphafi. Árið fór því vel af stað og í febrúar fór 41 athöfn fram, þar af átta á hlaupsársdegi.

En svo fór að síga á ógæfuhliðina og frestanir og afbókanir hrúguðust upp. Telja þær langt yfir 100 þegar allt er talið saman. Eðlilega varð algjört hrun í erlendum giftingum. Þær voru 128 árið 2019 en aðeins 28 í fyrra. Við finnum þó fyrir miklum áhuga erlendra para á að koma til Íslands og nota athafnarþjónustu félagsins. Um leið og rofaði aðeins til í samkomu- og landamæratáknmörkunum flyktust þör til landsins og tugir erlendra para eru í nokkuð stöðugu sambandi við okkur og bíða þess að komast til Íslands og gifta sig hjá okkur.

## Fjölgun í útförum

Nýr hópur athafnarstjóra sem stýra útförum útskrifaðist á árinu og fjölgaði þar með athafnarstjórum útfara úr fjórum í þrettán. Ekki gafst öllum nýju athafnarstjórunum kostur á að taka sína fyrstu athöfn á árinu, sér í lagi vegna áhrifa heimsfaraldursins, athafnafæð og landfræðilegra þátta, en félagið hefur fengið reyndan athafnarstjóra, Helgu Báru Bragadóttur, til að fylgja nemunum úr hlaði með handleiðslu sinni.

Útförum á vegum félagsins fjölgaði annað árið í röð, úr 15 í 22, sem er um 47% vöxtur. Hefur þessi þjónusta Siðmenntar lítið sem ekkert verið auglýst eða kynnt útá við en það er ljóst að sífellt fleiri kjósa veraldlegan valkost þegar kemur að útförum, og er félagið vel í stakk búið að sinna þessum málaflokki með stækkandi hópi athafnarstjóra sem getur tekið að sér útfarir.



78

nafngjafir



577

fermingarbörn

## Athafnarstjórar

Alls eru 47 athafnarstjórar á lista hjá Siðmennt og með svokölluð vígsluréttindi. 2020 tóku 36 athafnarstjórar að sér athafnir á árinu, þar af 25 sem tók 3 eða fleiri. 9 athafnarstjórar voru með 10 eða fleiri athafnir á árinu. Siðmennt sinnir athöfnum um allt land, þó svo að flestir athafnarstjórar séu búsettir á suðvestur horni landsins. Í dag hefur félagið á að skipa athafnarstjórum í Reykjavík, Sandgerði, Hvalfjarðarsveit, Borgarnesi, Ísafirði, Akureyri, Dalvík, Fljótaldshéraði, Neskaupsstað, Höfn í Hornafirði og Laugalandi í Holtum.

## Verklagsumbætur

### Virkniviðmið

Á árinu voru innleidd viðmið um virkni athafnarstjóra, svo halda megi betur utan um þann hóp sem virkur er í starfi og til að hvetja til aukinnar félagslegrar þátttöku fulltrúa Siðmenntar í athafnarþjónustu. Í lok árs er athafnarstjórum gert að gera grein fyrir virkni sinni með sérstakri könnun sem athafnaráð hefur eftirfylgd með.

### Siðareglur

Stjórn Siðmenntar samdi, í samstarfi við athafnaráð, siðareglur fyrir fulltrúa Siðmenntar í lykilhlutverkum, svo sem stjórn, starfsmenn, athafnarstjóra og leiðbeinendur í fermingarfræðslu. Tilgangur reglnanna er að skýra hlutverk fulltrúanna til að auka meðvitund um það hvers félagið ætlast til af fólki í lykilhlutverkum og taka af þann vafa sem kann að koma upp. Siðareglurnar voru samþykktar í byrjun árs 2021 og stendur nú yfir vinna við að semja verklagsreglur um góða

starfshætti athafnarstjóra sem taka sérstaklega til starfs þeirra sem sinna athafnarþjónustu.

## Tengslanet athafnarstjóra

### Athafnarstjórafundur

Athafnarstjórar hittust á fundi athafnarstjóra í september 2020. Farið var yfir virkniviðmið, drög að siðareglum borin undir athafnarstjóra til umræðu og staðið fyrir sjálfsmati og trúnaðarumræðum þar sem athafnarstjórar gátu skipst á skoðunum vegna áskoranna í starfi athafnarstjórans.

### Fjarbarsvar

Til að efla tengsl athafnarstjóra í heimsfaraldrinum stóð Siðmennt fyrir fjarbarsvari fyrir athafnarstjóra. Spurningahöfundur og stjórnandi var Margrét Erla Maack, en hún starfaði sem verkefnastjóri fyrir félagið í afleysingum á árinu.

135



hjónavígslur

22



útfarir

10.654



kolefnisjafnaðir  
kílómetrar





# Borgaraleg ferming





# Borgaraleg ferming

## Námskeið

Siðmennt hefur boðið upp á borgaralegar fermingar fyrir ungmenni í yfir þrjátíu ár. Markmið borgaralegrar fermingar er að styrkja sjálfsmynd, metnað og uppbyggilegt hugarfar. Fermingarfræðsla miðar að því að efla heilbrigð og farsæl viðhorf unglinga til lífsins og búa þeim dýrmætt veganesti til framtíðar. Ungmennin sækja 11 vikna námskeið þar sem farið er yfir ýmis viðfangsefni er miða að því að dýpka þekkingu þeirra og skilning á ofantöldum atriðum.

Í ár voru 577 börn sem sóttu fermingarfræðsluna sem er fjölgun um 32 börn frá árinu áður. Fræðslan fór fram í Reykjavík, Akureyri, Reykjanesbæ, Selfossi og Akranesi og því ljóst að starfið hefur byggst upp víðsvegar um landið. Einnig býður Siðmennt upp á fjarnám fyrir börn sem búa erlendis eða geta ekki sótt staðarnám og voru þau 19 talsins.

## Kennsluráð

Nýtt kennsluráð borgaralegrar fermingar var skipað haustið 2020 og tók við umsjón fermingarfræðslunnar. Ráðinu var falið að setja saman námskrá, undirbúa fjarnám, hafa umsjón með þjálfun leiðbeinenda og sjá um stefnumótun fermingarfræðslu. Þá sinnir ráðið einnig samskiptum við foreldra, almennri umsýslu og yfirsýn, í samstarfi við verkefnastjóra borgaralegrar fermingar, Heiðrúnu Örnú Friðriksdóttur. Verkefni þessi hafa áður verið á könnu sérstaks kennslustjóra borgaralegrar fermingar, en sú staða hefur nú verið lögð niður. Er þessi breyting gerð á fyrirkomulagi ferminganna í ljósi þeirra vaxandi umsvifa sem orðið hafa á síðustu árum.

Ráðið er skipað tveimur reyndum leiðbeinendum úr fermingarfræðslu Siðmenntar, þeim Unni Hjaltadóttur og Stefaníu Pálsdóttur, Sigurði Hólmi Gunnarssyni, fyrrum formanni Siðmenntar og Karl Ólafi Hallbjörnssyni, heimspekingi.

## Fermingarathafnir

Faraldurinn setti svip sinn á fermingarathafnirnar, sem áttu að fara fram á vormánuðum. Með örskömmum fyrirvara þurfti starfsfólk Siðmenntar að færa athafnir, gera viðbragðsáætlanir og reyna að spá til um framtíðina, sem fáum hefur tekist. Til að setja ekki öll eggin í sömu körfu var boðið upp á athafnir í júní, ágúst og október, sem reyndist ágætis gisk á þróun faraldursins, en bæði tókst að halda athafnir á þjóðhátíðardaginn og í lok ágúst, sem stóð samt ansi tæpt. Októberathafnirnar gengu þó ekki upp, en foreldrar og fermingarbörn sýndu því mikinn skilning.

Árið 2020 voru 18 athafnir á 9 stöðum víðsvegar um landið og miðast við að fjöldinn sé 3 eða fleiri til að athöfn sé haldin í heimabyggð. Það er því alltaf ánægjulegt þegar fjöldinn næst eins og Hvammstanga og Húsavík en á austfjörðum hefur verið athöfn á Egilsstöðum eða Neskaupsstað til skiptis þegar fjöldi næst.

## Athafnir árið 2020

Bæjarfélag	Athafnarstaður	Dagsetning	Ræðumaður
Akranes	Tónberg	22. ágúst	Gógó Starr
Akureyri	Hof	19. september	Marta Nordal
Húsavík	Sjóminjasafnið	22. ágúst	Örlygur Hnefill
Hvammstangi	Byggðasafnið Reykjum	18. júlí	Engin ræðumaður
Egilsstaðir	Valaskjálfi	5. september	Sigrún Blöndal
Reykjanesbær	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	22. ágúst	Sævar Helgi Bragason
Reykjavík	Borgarleikhúsið	17. júní	Claudie Wilson
Reykjavík	Harpa	29. og 30. ágúst	Claudie Wilson Þorsteinn V. Einarsson
Selfoss	Fjölbrautaskóli Suðurlands	22. ágúst	Jóna Guðbjörg

## Leiðbeinendur

Leiðbeinendahópurinn samanstendur af fjölbreyttum einstaklingum með þekkingu í hinum ýmsu viðfangsefnum fræðslunnar og reynslu af því að vinna með ungmennum.

## Leiðbeinendur í fermingafræðslu 2020

Adam Lárus Sigurðarson  
Alexandra K. Ægisdóttir  
Arnar Einarsson  
Arnmundur Ernst B. Björnsson  
Auður Önnu Magnúsdóttir  
Ásthildur Margrét Jóhannsdóttir  
Ástrós Anna Klemensdóttir  
Dagbjört Ásbjörnsdóttir  
Elías Bjartur Einarsson  
Fönn Halldórsdóttir  
Ingibjörg Sædís  
Jóhann Björnsson  
Jóhann Valur Klausen  
Karen Margrét Bjarnadóttir  
Vigdís Hafliðadóttir  
Sævar Ari Finnbogason  
Skúli Pálsson  
Snorri Björnsson  
Stefanía Pálsdóttir  
Þorbjörg Sandra Bakke  
Unnur Hjaltadóttir  
Valgerður Árnadóttir  
Valgerður Dögg Jónsdóttir  
Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir









**Alþjóðastarf og  
viðburðir**



# Alþjóðastarf

## Aðalfundur EHF

Vegna heimsfaraldursins fór aðalfundur Evrópusamtaka húmanista fram í fjarfundi 7. nóvember 2020, en hann átti að fara fram í staðfundi fyrr á árinu og var frestað. Kosningar voru í stjórn og ályktun um starf samtakanna samþykkt. Fulltrúi Siðmenntar var Inga Auðbjörg K. Straumland, formaður.

## Aðalfundur Humanists International

Aðalfundur Heimssamtaka húmanista fór fram í fjarfundi í október 2020, en áður hafði Heimspingi húmanista í Miami, Flórída, verið aflýst vegna heimsfaraldurs. Fulltrúi félagsins var Inga Auðbjörg K. Straumland, formaður.

## Samnorrænn vettvangur

Siðmennt er aðili að óformlegum samstarfsvettvangi húmanistafélaga á Norðurlöndum. Mikilvægi norræns samstarfs á þessum vettvangi verður seint metið til fjár. Fundur norrænu félaganna átti að fara fram í Þórshöfn í maí 2020, en var aflýst vegna heimsfaraldurs.

## Lending í aðildargjaldaágreiningu

Siðmennt hefur átt í ágreiningu við Heimssamtök húmanista vegna útreiknings aðildargjalda, en eftir aðalfund 2019 var ákveðið að gjaldið væri 1% af tekjum félagsins. Þar sem Siðmennt hefur miðstýrða athafnarþjónustu, ólíkt flestum öðrum aðildarfélögum samtakanna, hefur Siðmennt barist fyrir því að 1% sé reiknað af ríkisstyrk og aðildargjöldum félaga, en ekki tekjum athafnarþjónustu, enda er hún rekin með tapi. Eftir mikil samskipti fannst loks lausn á þessu máli og varð það úr að aðildargjöldin eru reiknuð af ríkisstyrk og aðildargjöldum, en Siðmennt styrkti Humanists International einnig aukalega með framlögum í sérstaka sjóði sem lúta að húmanískum málefnum.



# Viðburðir

## Opið hús - Frá vöggju til grafar

Fyrsta opna hús Siðmenntar í nýjum húsakynnum hafði yfirskriftina Frá vöggju til grafar og fór fram 22. janúar 2020. Arnar Snæberg Jónsson, athafnarstjóri, flutti erindi um nafngjafir í tilefni að fæðingu barna og Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir flutti erindi um frumkvæðisverkefni sitt, Tré lífsins, en tilgangur þess er að setja á fót hlutlausu aðstöðu til útfara, auk líkbrennsluþjónustu og minningarskógar. Til stóð að halda fleiri opin hús en eins og oft áður í þessari ársskýrslu hindraði heimsfaraldur slík plön.



## Fyrsta Siðmenntarþingið

Í tilefni að þrjátíu ára afmæli félagsins var ákveðið að efna til Siðmenntarþings í fyrsta skipti, þar sem fram færi stefnumótun í bland við almenn aðalfundarstörf. Þingið fór fram á sal Garðyrkjufélags Íslands í Siðumúla og bar upp á afmælisdag félagsins; 15. febrúar. Jafnframt bauð félagið upp á málþingið “Má njóta niðinga?” þar sem fjallað var um mörk listar og listamannsins og siðferðileg álitamál því tengd. Húsfyllir var á málþinginu og greinilegt að málefnið er mörgum hugleikið. Þá voru viðurkenningar félagsins veittar: Stígamót hlutu húnastaviðurkenninguna og Rósa Björg Jónsdóttir, bókasafnsfræðingur og verkefnastjóri bókasafns Móðurmáls, hlaut fræðslu- og vísindaviðurkenningun. Um kvöldið var svo haldin fyrsta árhátíð félagsins með glæsibrag og þótti dagurinn takast vel til.

## Fjölskyldudagur á Klambratúni

Í tilefni að 30 ára afmæli Siðmenntar blés félagið til fjölskyldufagnaðar á Klambratúni. Félögum, gestum og gangandi var boðið að samfagna með félaginu. Boðið var upp á pylsur og hoppukastala, auk þess að Margrét Erla Maack og Lárus töframaður sýndu listir sínar.



## Þingsetning

Hefð hefur skapast um að bjóða þingheimi upp á athöfn í tilefni að þingsetningu, sem valkost meðfram messu í Dómkirkjunni sem markar upphaf þingsetningar. Því miður féll sú athöfn niður árið 2020 vegna samkomutakmarkanna.

## Vísindaferðir

Heimsóknir háskólanema kallast “vísindaferðir“ en aðeins náðist að bjóða heimspeki- og guðfræðinemum (sameiginleg vísindaferð) í heimsókn áður en samkomubann setti öll plön úr skorðum. Í þessum ferðum býður Siðmennt nemendafélagunum að þiggja veitingar og fræðast um starfsemi félagsins og húnastisma. Oft skapast mjög góðar umræður og hafa bæði fulltrúar Siðmenntar og nemendur gagn og gaman af þessum fundum. Siðmennt tekur jákvætt í allar beiðnir sem félaginu berast og mun halda þessari starfsemi áfram.

## Jólahugvekja

Líkt og undanfarin ár flutti Siðmennt jólahugvekju á X-inu 977 kl. 18:00 á aðfangadag. Hugvekjuna 2020 flutti Tryggvi Gunnarsson, athafnarstjóri, en hann fjallaði um vetrarsólstoður, epli og árið sem kemur aldrei aftur.





**Baráttan fyrir  
veraldlegu  
samfélagi**



# Baráttan fyrir veraldlegu samfélagi

## Umsagnir

Siðmennt einsetur sér að senda inn umsagnir við frumvörp og þingsályktunartillögur er varða starfsemi Siðmenntar, veraldlegt samfélag, mannréttindi og kjarnagildi félagsins. Árið 2020 sendi Siðmennt inn einni umsögn til Alþingis:

- [Umsögn Siðmenntar](#) um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar, þingskjal 1216, 708. mál, dagsett 22. maí 2020.

## Greinar

Fulltrúar félagsins stungu niður penna, hvort heldur sem er til að fjalla um [veraldlegt samfélag](#) og [borgaralegar fermingar](#), [svara greinum](#) frá kirkjunnar fólki eða til að minna á [útfarabjónustu Siðmenntar](#).

# Könnun á lífsskoðunum þjóðarinnar

Þjóðin verður sífellt minna trúuð samkvæmt könnun sem Siðmennt lét framkvæma á árinu um lífsskoðanir Íslendinga. Sambærileg könnun var gerð árið 2015, en í bæði skipti var það Maskína sem sá um framkvæmd könnunarinnar. Könnunin var lögð fyrir Þjóðgátt Maskínu dagana 16. – 22. janúar 2020 og voru svarendur 954 talsins.

## Þjóðin þokast frá trúnni

Stóra myndin í niðurstöðum könnunarinnar í ár er sú að þjóðin færir hægt en örugglega nær veraldlegu samfélagi. Sem dæmi má nefna að þeim sem álíta sig trúaða fækkar úr 46,4% í 41,6% og að sama skapi segjast nú 36,1% ekki vera trúuð, en voru 29,9% 2015. Þegar spurt er um sértæka trúarafstöðu segjast 27,9% vera trúlaus, en 61,4% gangast við því að játa kristna trú.

## Meirihluti kristinna efast um tilvist guðs


Einungis 30,8% þeirra sem gengust við því að játa kristna trú segjast aðhyllast boðskap Biblíunnar og trú á guð, Jesú, upprisuna og eilíft líf, samanborið við 36% í síðustu könnun. Talsvert stærri hópur, eða 46,5% er ekki með öllu viss um tilvist guðs en trúir á boðskap kristinnar og siðferði hennar og samtals segjast 22,6% ekki trú á guð eða vera trúlaus, en aðhyllast kristið siðferði eða tilheyra kristinni hefð.

## Lítill samleið með þjóðkirkjunni

Þegar spurt er hvort Íslendingar telji sig eiga samleið með þjóðkirkjunni eru aðeins 25,5% sem telja sig eiga mjög eða fremur mikla samleið með þjóðkirkjunni, sem gæti talist áhugavert þegar litið er til þess að yfir 60% Íslendinga tilheyra þeirri sömu kirkju. Er þessi tala svo til sambærileg á milli ára en nokkuð fjölgar í þeim hópi sem telur sig enga samleið eiga með kirkjunni, úr 17,8% í 19,8%. Samtals svarar tæplega helmingur því að þau eigi litla eða enga samleið með kirkjunni.


## Finnst þér þú eiga mikla, nokkra, litla eða enga samleið með þjóðkirkjunni?

	Fjöldi	%
Mjög mikla (5)	67	7,1%
Fremur mikla (4)	175	18,4%
Nokkra (3)	244	25,7%
Litla (2)	274	28,9%
Enga (1)	188	19,8%
Gild svör	949	100,0%
Svöruðu ekki	5	0,6%
Gild svör	954	100,0%



## Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) aðskilnaði ríkis og kirkju?

	Fjöldi	%
Mjög hlynnt(ur) (5)	327	35,6%
Fremur hlynnt(ur) (4)	172	18,8%
Í meðallagi (3)	234	25,5%
Fremur andvíg(ur) (2)	118	12,8%
Mjög andvíg(ur) (1)	67	7,3%
Gild svör	920	100,0%
Svöruðu ekki	34	3,6%
Gild svör	954	100,0%



## Vilji til veraldlegs samfélags

Það er ljóst að ekki er stuðningur við núverandi fyrirkomulag trúmál á Íslandi. Spurt var hvort Íslendingar væru fylgjandi aðskilnaði ríkis og kirkju, og bætir þar töluvert í hópinn sem er eindregið fylgjandi aðskilnaði. 54,4% Íslendinga er nú fylgjandi, en var 48,9%. Einungis fimmtungur þjóðarinnar vill halda í samband ríkis og kirkju. Þá vilja riflega 40% að ríkið hætti að styrkja trú- og lífsskoðunarfélög og tæplega 30% að öll trú- og lífsskoðunarfélög fái hlutfallslega sambærilegan stuðning, ólíkt núverandi fyrirkomulagi þar sem þjóðkirkjan hlýtur hlutfallslega hærri styrki úr ríkiskassanum. Núverandi fyrirkomulag styðja tæplega 30%.



## Hvað með börnin?


Ríflega helmingur þjóðarinnar vill að sjálfkrafa skráningu ungbarna í trú- og lífsskoðunarfélög verði hætt og að skráningin verði á höndum foreldra, á meðan 46% styðja núverandi fyrirkomulag, þar sem ungbörn eru sjálfkrafa skráð í trú- eða lífsskoðunarfélag foreldra, ef þau eru bæði í sama félaginu. Þá voru þónokkrir svarendur sem völdu að svara því með eigin orðum að best væri að skráning væri á höndum barnanna sjálfra þegar þau hefðu aldur til. Þegar spurt er um hvort kristilegar trúarathafnir, bænir eða guðsorð, eigi að vera liður í starfi opinberra grunn- og leikskóla bætist mjög í hóp þeirra sem vilja að svo sé ekki. 41,6% telja að slíkt eigi ekki heima í skólastarfi, en voru 35,3% árið 2015. Einnig var spurt hvort leik- og grunnskólar í eigu hins opinberra eigi að viðhalda trúarlegu hlutleysi og eru svörin þar mjög svipuð á milli ára þar sem meirihluti telur að slíkt hlutleysi eigi að ríkja, eða 56,7%, en voru 55,1%.

## Sálgæsla fyrir alla?

Samkvæmt þjóðkirkjunni er öllum velkomið að leita til sálgæsluþjónustu kirkjunnar, sama hvaða trúfélagi þau tilheyra, en það er ekki þar með sagt að allir þegar landsins geti hugsað sér að nýta þá þjónustu. Siðmennt spurði því í fyrsta sinn um sálgæslu. Með kristilegri sálgæslu er átt við faglega tilvistarráðgjöf sem byggist á trúarlegum gildagrunni, en með veraldlegri sálgæslu er átt við faglega tilvistarráðgjöf sem byggist á veraldlegum gildagrunni. Aðeins mjög lítil minnihluti telur að þjóða ætti eingöngu uppá kristilega sálgæslu, eða 3,2%. 15% aðspurðra telja að sálgæsla ætti einvörðungu að vera veraldleg, en mikill meirihluti, eða 79% telja að stofnanir líkt og heilbrigðisstofnannir og fangelsi ættu að þjóða uppá bæði kristilegan og veraldlega valkost þegar kemur að sálgæslu. Spurt var hvort líklegt væri að svarendur myndu þiggja kristilega sálgæslu annars vegar og veraldlega sálgæslu hins vegar, ef þau myndu fyrir óhamingju, vanlíðan, sorg eða áhyggjum í tengslum við dvöl á spítala eða fangelsi. 39% voru opin fyrir því að þiggja kristilega sálgæslu, en 37% fannst fremur eða mjög líklegt að þau myndu afþakka hana. Aftur á móti höfðaði veraldleg sálgæsla til breiðari hóps, en 59,2% sögðust myndu þiggja veraldlega sálgæslu í sömu aðstæðum og aðeins 12,6% fannst líklegt að þau myndu afþakka hana.


Ef þú myndir fyrir óhamingju, vanlíðan, sorg eða áhyggjum í tengslum við dvöl á spítala eða í fangelsi, hversu líklegt eða ólíklegt finnst þér að þú myndir þiggja kristilega sálgæslu?

	Fjöldi	%
Mjög líklegt (5)	165	18,2%
Fremur líklegt (4)	189	20,9%
Í meðallagi líklegt eða ólíklegt (3)	217	24,0%
Fremur ólíklegt (2)	191	21,0%
Mjög ólíklegt/Útilokað (1)	145	16,0%
Gild svör	908	100,0%
Svöruðu ekki	46	4,9%
Gild svör	954	100,0%



Ef þú myndir fyrir óhamingju, vanlíðan, sorg eða áhyggjum í tengslum við dvöl á spítala eða í fangelsi, hversu líklegt eða ólíklegt finnst þér að þú myndir þiggja veraldlega sálgæslu?

	Fjöldi	%
Mjög líklegt (5)	235	26,0%
Fremur líklegt (4)	300	33,1%
Í meðallagi líklegt eða ólíklegt (3)	255	28,2%
Fremur ólíklegt (2)	84	9,3%
Mjög ólíklegt/Útilokað (1)	30	3,3%
Gild svör	904	100,0%
Svöruðu ekki	50	5,3%
Gild svör	954	100,0%



Nálgast má nánari útlistun á lífsskoðunum Íslendinga í yfirliti frá Maskínu, sem finna má á vef Siðmenntar.





**Ejármál**



# Fjármál

## Fjárframlög frá ríkinu

Fjárhagslegur rekstrargrundvöllur Siðmenntar styrkist frá ári til árs eftir því sem félögum fjölga og hlutdeild félagsins í sóknargjöldum ríkisins stækkar. Sóknargjöld ársins 2020 38.885.850 en voru 30.561.800 árið 2019 til samanburðar.

Fjárhagslega staða félagsins er afar jákvæð en það er þó ekki þannig að Siðmennt sé að safna í digra sjóði heldur er þjónusta við félaga niðurgreidd að stórum hluta, þá helst athafnaþjónustan sem og borgaraleg ferming og verður nánar vikið að því er að neðan.

## Aðrar tekjur

Stærsti einstaki tekjuliður félagsins kemur í gegnum borgaralega fermingu, en voru tekjur af henni tæpar 22 milljónir síðastliðið ár. Á móti kemur umtalsverður kostnaður og árið 2020 varð töluverður óvæntur kostnaðarauki vegna covid ráðstafanna og endurskipulagningar. Alls nam kostnaður vegna borgaralegra fermynga árið 2020 21.759.023 og þegar tekið er tillit til launakostnaðar skrifstofu vegna fermyna er tap ársins af borgaralegum fermyngum 7.656.842.

Mikil lækkun varð á innkomu athafnaþjónustu vegna gríðarlegrar fækkunar athafna, en hún fór úr 19.577.537 í 11.277.146 á liðnu ári. Félagar í Siðmennt njóta riflegra afsláttarkjara af athafnaþjónustu og varð halli á henni uppá alls 2.531.900 sem er umtalsverð aukning á milli ára, en hallinn var 901.632 árið 2019. Skýrist þessi aukni helst af tvennu: Ríkið hætti að niðurgreiða kostnað við útfarir og endurspeglaði gjaldskrá okkar þá breytingu ekki, og þá vantar auðvitað 100 erlendar giftingar eða svo í jöfnuna, sem eru eðli málsins

allar seldar á fullu verði og vega nokkuð upp á móti afsláttarkjörum félaga af athöfnum.

Alls voru tekjur ársins 69.756.112 samanborið við 68.303.714. Dregur töluvert úr tekjuvexti milli ára sem skýrist af ofangreindu, þ.e. Miklum samdrætti í athafnaþjónustu, sem vonandi er aðeins tímabundið bakslag sökum covid.

## Helstu kostnaðarliðir

Stærsti kostnaðarliður ársins er borgarleg ferming, alls 21.759.023, sem eins og áður sagði er rekin með umtalsverðu tapi og raunar niðurgreidd með sóknargjöldum. Laun og launatengd gjöld voru 21.605.806 samanborið við 17.867.412, sem er eðlileg hækkun enda var árið 2020 fyrsta árið sem félagið er með tvo starfsmenn í fullu starfi.

## Góðgerðamál

Stofnaður var sérstakur góðgerðasjóður til að bregðast við kórónuveirufaraldinum og einni milljón króna varið í að styðja við starfsemi sem á einhvern hátt aðstoðaði fólk við að takast á við heimsfaraldurinn. Kallað var eftir ábendingum frá félagsfólki og varð úr að Samtök um kvennaathvarf, PIETA samtökin og Andrými fengu stuðning. Að auki studdi félagið við herferð Humanists International til að frelsa Mubarak Bala, sem situr í fangelsi í Nígeríu vegna húmanískra lífsskoðanna sinna og veitti einnig styrk í COVID-19-sjóð alþjóðasamtakanna. Þá bauð félagið upp á jólastund í neyðarskýlum Reykjavíkur, í anda listagjafarinnar, en markmiðið var að styðja við listafólk sem hefur orðið fyrir mikilli tekjuskerðingu vegna faraldursins og færa þjónustuþegum neyðarskýlanna örlitla jólastemmingu. Félagið þakkar Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Svavari Knúti, Valdimar og Hljómsveitinni Evu fyrir samstarfið.



## Kolefnisjöfnun

Haustið 2019 var tekin sú ákvörðun að kolefnisjafna starfssemi félagsins aftur í tímann og voru ferðalög fulltrúa kolefnisjöfnuð fyrir árið 2018. Stjórn Siðmenntar ákvað að fyrir árið 2018 yrði kolefnisjafnað með það að markmiði að hafa bæði áhrif til að draga úr losun almennt ásamt því að kolefnisjöfnunin hefði jákvæð áhrif á lífsgæði fólks. Stjórn Siðmenntar ákvað því að kolefnisjafna með eins beinum hætti og mögulegt er. Aukin menntun stúlkna og kvenna í þróunarlöndum er eitt veigamesta skrefið sem hægt er að stíga í baráttunni gegn hamfararhlýnun og hafa þannig bein áhrif til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Með því að gefa vatnsdælur til þorpa í þróunarlöndunum má bæta líf kvenna og barna þar sem tíminn sem fer í sækja vatn dregst verulega saman sem hefur jákvæð áhrif á lífsgæði fjölskyldna í þorpunum. Með vatnsdælu fær heilt samfélag aðgang að hreinu vatni, sem bætir lífsgæði íbúa. Börnum gefst auk þess meiri tími til skólagöngu, heimanáms og þess að fá að vera börn og leika sér, sem eykur lífsgæðin enn frekar og losun gróðurhúsalofttegunda minnkar.

Þrátt fyrir minni umsvif og meira en helmingi minni losun vegna starfssemi Siðmenntar árið 2020 en fyrri ár tók stjórn Siðmenntar þá ákvörðun að halda áfram að gefa tvær vatnsdælur frá Sönnum Gjöfum UNICEF, sem verða settar upp í 2 þorpum í þróunarlöndum, eins og fyrri ár.

## Ársreikningar

Bókhaldsfyrirtækið Pálsson og co tók yfir bókhaldsþjónustu Siðmenntar 2019 og hafa unnið ársreikning félagsins í þriðja sinn, og fylgir hann hér á eftir.

Helstu niðurstöður eru að tekjur ársins voru í heild 69.756.112, en gjöld 64.468.574. Þegar fjármagnsgjöld eru reiknuð inn í hagnað ársins nemur hann 5.305.286 en var 5.000.132.

Rekstur félagsins er áfram í góðu jafnvægi þrátt fyrir óvænt tekjuútlát vegna covid og samdrátt í athafnaþjónustu.

### Rekstrarreikningur 2020

Rekstrartekjur	Skýr.	2020	2019
Félagsgjöld .....	5.	38.885.850	30.561.800
Tekjur af borgarlegri fermingu .....	6.	21.846.614	21.101.004
Aðrar tekjur .....	7.	9.023.648	16.640.910
		<u>69.756.112</u>	<u>68.303.714</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Borgarleg ferming .....	8.	21.759.023	15.200.719
Aðrar athafnir .....	9.	11.277.146	19.577.537
Laun og launtengd gjöld .....	10.	21.605.806	17.867.412
Annar rekstrarkostnaður .....	11.	9.826.599	10.885.808
		<u>64.468.574</u>	<u>63.531.476</u>
		<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>4.772.238</b>
<b>Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur .....		183.955	396.945
Vaxtagjöld .....		(166.207)	(169.051)
		<u>17.748</u>	<u>227.894</u>
		<b>Hagnaður ársins</b>	<b>5.000.132</b>

### Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	2020	2019
<b>Fastafjármunir</b>			
Viðskiptavild .....		496.000	496.000
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	3.	6.648.696	869.377
		<u>7.144.696</u>	<u>1.365.377</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		1.603.001	2.339.189
Verðbréfaeign .....		2.059.692	1.941.171
Aðrar skammtímakröfur .....		14.395	55.563
Handbært fé .....		20.869.355	19.501.617
		<u>24.546.443</u>	<u>23.837.540</u>
		<b>Eignir samtals</b>	<b>25.202.917</b>

## 31. desember 2020

### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2020	2019
<b>Eigið fé</b>	4.		
Óráðstafað eigið fé .....		10.198.830	5.198.698
Hagnaður ársins .....		5.305.286	5.000.132
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>15.504.116</u>	<u>10.198.830</u>

### Skuldir

#### Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir .....		317.284	950.702
Ógreitt vegna starfsmanna .....	12.	840.883	684.582
Fyrirfram innheimtar tekjur .....		14.871.574	13.223.719
Aðrar skammtímaskuldir .....		157.282	145.084
<b>Skuldir samtals</b>		<u>16.187.023</u>	<u>15.004.087</u>

**Eigið fé og skuldir samtals** 31.691.139 25.202.917

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

### Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og bankainnstæður.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

### Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til félagsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Tekjur eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds að frádregnum afsláttum og sköttum.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

### 3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Hugbúnaður	Innréttingar- áhöld og tæki	Samtals
Stofnverð 1/1 .....	0	869.377	869.377
Afskrifað alls 1/1 .....	0	0	0
Viðbót á árinu .....	5.779.319	0	5.779.319
Afskrifað á árinu .....	0	0	0
Selt og niðurlagt .....	0	0	0
<b>Bókfært verð 31/12 .....</b>	<u>5.779.319</u>	<u>869.377</u>	<u>6.648.696</u>
Stofnverð alls 31/12 .....	5.779.319	869.377	6.648.696
Afskrifað alls 31/12 .....	0	0	0
<b>Bókfært verð 31/12 .....</b>	<u>5.779.319</u>	<u>869.377</u>	<u>6.648.696</u>
Afskriftarhlutföll .....	0%	0%	

### 4. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1/1 .....	10.198.830	10.198.830
Hagnaður ársins .....	5.305.286	5.305.286
<b>Eigið fé 31/12 .....</b>	<u>15.504.116</u>	<u>15.504.116</u>



## Sundurliðanir

	2020	2019
<b>5. Félagsgjöld</b>		
Félagsgjöld innh., ríkissjóð .....	37.165.850	28.838.777
Félagsgjöld önnur .....	1.720.000	1.723.023
	<u>38.885.850</u>	<u>30.561.800</u>
<b>6. Tekjur af borgarlegri ferminu</b>		
Borgarleg fermin .....	21.846.614	21.101.004
	<u>21.846.614</u>	<u>21.101.004</u>
<b>7. Aðrar tekjur</b>		
Sala undanþegin vsk skv. 2. gr .....	0	525.482
Gifting .....	4.739.300	12.281.766
Nafngjöld .....	1.984.070	2.526.932
Útför .....	765.526	821.318
Akstur, göng og fl. útselt .....	1.266.440	57.746
Aðrar tekjur án vsk .....	5.312	44.440
BF Umsýslugjald .....	8.000	0
Tekjur v/ afmælishátíðar .....	255.000	0
Athafnastjóranámskeið .....	0	383.226
	<u>9.023.648</u>	<u>16.640.910</u>
<b>8. Borgarleg fermin</b>		
Húsaleiga v. athöfn BF .....	4.625.374	1.446.937
Húsaleiga v. námskeið BF .....	851.000	741.600
Skírteiniskostnaður BF .....	237.162	450.616
Kynningarefni og auglýsingar BF .....	1.197.016	503.431
Fræðsla BF .....	7.918.530	6.779.245
Ferminastjórn .....	0	2.015.600
Kennsluráð BF .....	1.180.000	0
Ræðumaður BF .....	320.020	263.580
Ljósmyndari BF .....	796.032	549.900
Tónlist BF .....	547.410	275.000
Æfingastjórnun .....	0	293.250
Akstur BF .....	192.762	37.356
Skreyting á sal BF .....	220.900	523.530
Annað v. BF .....	812.893	237.040
Búnaður v. BF .....	303.444	0
Athafnastjórar v. BF .....	2.556.480	1.083.634
	<u>21.759.023</u>	<u>15.200.719</u>

### Niðurstaða af Borgarlegri ferminu:

Hagnaður / (tap) af Borgarlegri ferminu .....	95.591	5.900.285
Hagnaður / (tap) af BF með tilliti til launakostnaðar .....	(7.656.842)	2.358.757

## Sundurliðanir

	2020	2019
<b>9. Aðrar athafnir</b>		
Þingsetningarathöfn .....	0	254.192
Akstur Gifting .....	1.150.402	2.687.877
Athafnastjórar Gifting .....	6.926.980	13.098.484
Akstur - Nafngjöld .....	81.704	103.820
Athafnastjórar Nafngjöld .....	1.953.600	2.534.346
Akstur útför .....	24.244	0
Athafnastjórar útför .....	1.140.216	898.818
	<u>11.277.146</u>	<u>19.577.537</u>
<b>Niðurstaða úr athöfnum:</b>		
Hagnaður / (tap) af giftingum .....	(2.187.680)	(816.718)
Hagnaður / (tap) af nafngjöf .....	30.470	(7.414)
Hagnaður / (tap) af útförum .....	(374.690)	(77.500)
Hagnaður / (tap) athafnaþjónustu .....	(2.531.900)	(901.632)
<b>10. Laun og launtengd gjöld</b>		
Laun .....	17.450.791	12.110.742
Dagpeningar .....	30.407	346.487
Tryggingagjald .....	1.252.734	904.756
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	2.006.842	1.392.831
Mótframlag í séreignisjóð .....	270.390	204.902
Félagstengd gjöld .....	434.869	345.309
Námskeið og þjálfun starfsmanna .....	19.413	85.734
Þjálfun kennara BF .....	0	70.000
Annar starfsmannakostnaður .....	140.360	169.119
Athafnastjóranámskeið .....	0	1.762.532
Aðkeypt afleysing á skrifstofu .....	0	475.000
	<u>21.605.806</u>	<u>17.867.412</u>

## Sundurliðanir

	2020	2019
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
<b>Rekstur áhaldna og tækja</b>		
Tölvu- og símabúnaður .....	15.975	129.998
Áhöld og skrifstofuvörur .....	193.027	0
Rekstur tölvukerfis án vsk .....	305.040	655.516
Hugbúnaður án vsk .....	245.725	305.214
	<u>759.767</u>	<u>1.090.728</u>
<b>Skrifstofukostnaður</b>		
Síma og Internetkostnaður .....	539.975	479.384
Húsaleiga .....	1.560.000	1.240.028
Burðargjald .....	1.435	3.175
Auglýsingar .....	372.653	237.328
Vefsíða .....	102.929	193.290
Vísindaferðir og kynningarfundir .....	66.971	299.407
Rekstrarvörur og smááhöld .....	120.223	0
	<u>2.764.186</u>	<u>2.452.612</u>
<b>Erlent samstarf, ráðstefnur og annar tengdur kostnaður:</b>		
Ímyndarvinna Síðmenntar .....	845.952	0
Humanistaviðurkenning .....	13.400	111.400
Erlent samstarf .....	50.915	1.796.377
Þátttaka í erlendu samstarfi (aðildargj) .....	416.598	94.940
Ráðstefna 1. júlí 2019 .....	0	2.515.755
	<u>1.326.865</u>	<u>4.518.472</u>
<b>Aðkeypt þjónusta</b>		
Bókhald og reikningsskil .....	393.360	1.005.440
Ársreikningur og tilf. kostn. ....	301.877	0
Kostn. v/ yfirerðar SKN .....	296.050	0
Lögfræðiþjónusta .....	197.811	0
	<u>1.189.098</u>	<u>1.005.440</u>

## Sundurliðanir

	2020	2019
<b>Sjórnun og umsýsla</b>		
Athafnastjórar - ýmis kostnaður .....	0	458.049
Athafnastj. fundur .....	353.510	290.918
Funda og viðskiptakostnaður án vsk .....	171.188	215.700
Kaffikostnaður skrifstofu .....	45.978	23.218
Aðalfundur .....	210.165	336.716
Kostnaður v/ afmælisviðburða .....	941.129	0
Kolefnajöfnun félagsins .....	110.600	110.200
Aðkeyptur akstur leigubíreiða án vsk .....	0	70.680
Félagsfundir .....	0	58.073
Þjóðskrá v. innh. félagsgjalda .....	41.801	38.597
Þjónustugjöld v. banka og korta .....	168.566	158.912
Útvarpsgjald .....	17.900	17.493
	<u>2.060.837</u>	<u>1.778.556</u>
<b>Gjafir og styrkir</b>		
Andrými, COVID sjóður .....	200.000	0
Samtökin 78 .....	0	40.000
Kvennaathvarf, COVID sjóður .....	400.000	0
Pieta samtökin, COVID sjóður .....	400.000	0
Humanist at risk, Mubarak Bala .....	87.205	0
Humanist International COVID-19 small relief fund .....	87.205	0
Móðurmál, samtök um tvítyngi, fræðsluviðurkenning .....	100.000	0
Stígamót, húmanistaviðurkenning .....	100.000	0
Aðventutónleikar .....	160.000	0
Heimforeldrar SOS barnaþorpa .....	35.000	0
Aðrar gjafir og styrkir .....	156.436	0
	<u>1.725.846</u>	<u>40.000</u>
<b>Samtals annar rekstrarkostnaður</b>	<b>9.826.599</b>	<b>10.885.808</b>
<b>12. Ógreitt vegna starfsmanna</b>		
Ógreiddur lífeyrissjóður .....	351.953	267.436
Ógreidd staðgreiðsla .....	488.930	417.146
	<u>840.883</u>	<u>684.582</u>





Siõmennt